# 4.
# ÁRSÞING
# KAÍ

25. OKTÓBER 1987

ÁRSSKÝRSLA OG REIKNINGAR

Efnisyfirlit.

Stjórnir og nefndir KAI 1987........... 1.

Fundir stjórnarinnar og mæting......... 2.
Fundargerðir sendar út ................ 3.
Skrifstofa KAI......................... 4.
Samningur við Fjölsport................ 5.
Aðrir atburðir......................... 6.
Heimsókn Paul Höglunds................. 7.
Tækja- og Útbreiðslusjóður............. 8 - 9.
Sambandsstjórnarfundur ÍSÍ............. 10.
Námskeið í íþróttarsálarfræði.......... 11.
Kynningarkvöld á reglum................ 12.
Dómaranámskeið KAI með T.H............. 13.
- Glósur frá námskeiðinu............ 14 - 16.
Unglingameistaramótið.................. 17 - 22.
Opna Hollenska......................... 23.
Kópavogsmeistaramót 1987............... 24 - 26.
EM í Glasgow 1987...................... 27 - 28.
Fundur Norðurlandanna í Glasgow........ 29 - 30.
HSK - Mót 1987 í Þorlákshöfn........... 31 - 32.
Landsmót UMFÍ á Húsavík................ 33.
Æfingabúðir Goju - Ryu................. 34.
EM 1987 í Goju-Ryu í London............ 35.
Íslandsmeistaramótið 1987.............. 36 - 45.
Yfirlit yfir karateiðkendur............ 46.
Tekjur KAI á tímabilinu................ 47.
Gjöld KAI.............................. 48 - 50.
Efnahagsreikningur pr. 22.10.1987...... 51.
Tækja- og útbreiðslusjóður
- Fjármagnsstreymi................ 52.

# Ársskýrsla Karatesambands Íslands

22. október 1987.

---

Á 3ja ársþingi KAI, sem haldið var 7. desember 1986 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórnir og nefndir fyrir starfsárið 1986-1987.

| | |
|---|---|
| Formaður | Karl Gauti Hjaltason |
| Varaformaður | Stefán Alfreðsson |
| Gjaldkeri | David Haralds |
| Ritari | Gestur Skarphéðinsson |
| Fundarritari | Gísli Pálsson |
| Varastjórn.; | Bjarni Ásgeirsson |
| | Þorsteinn Einarsson |
| | Guðlaugur Davíðsson |
| Endurskoðendur.; | Einar Guðbrandsson |
| | Kári Rafn Rafnsson |
| Karatedómstóll.; | Ævar Þorsteinsson |
| | Hannes Hilmarsson |
| | Árni Einarsson |
| Formaður Mótanefndar.; | Bjarni Ásgeirsson |
| Formaður Fjáröflunarn.; | Einar Gröndal |

Stjórn KAI hélt á tímabilinu 21. stjórnarfund, en einnig sátu sumir stjórnarmenn á fundum nefnda og unnu mikið starf með nefndunum. Mæting á stjórnarfundi er betri en í fyrra, en þó vantar mikið uppá að hún sé nægilega góð, að á að vera lágmark að stjórnarmenn mæti á 75 % af fundum.

# Ársskýrsla Karatesambands Íslands

22. október 1987.

---

Á 3ja ársþingi KAI, sem haldið var 7. desember 1986 voru eftirtaldir aðilar kosnir í stjórnir og nefndir fyrir starfsárið 1986-1987.

| | |
|---|---|
| Formaður | Karl Gauti Hjaltason |
| Varaformaður | Stefán Alfreðsson |
| Gjaldkeri | David Haralds |
| Ritari | Gestur Skarphéðinsson |
| Fundarritari | Gísli Pálsson |
| Varastjórn.; | Bjarni Ásgeirsson |
| | Þorsteinn Einarsson |
| | Guðlaugur Davíðsson |
| Endurskoðendur.; | Einar Guðbrandsson |
| | Kári Rafn Rafnsson |
| Karatedómstóll.; | Ævar Þorsteinsson |
| | Hannes Hilmarsson |
| | Árni Einarsson |
| Formaður Mótanefndar.; | Bjarni Ásgeirsson |
| Formaður Fjáröflunarn.; | Einar Gröndal |

Stjórn KAI hélt á tímabilinu 21. stjórnarfund, en einnig sátu sumir stjórnarmenn á fundum nefnda og unnu mikið starf með nefndunum. Mæting á stjórnarfundi er betri en í fyrra, en þó vantar mikið uppá að hún sé nægilega góð, að á að vera lágmark að stjórnarmenn mæti á 75 % af fundum.

<u>Mæting á stjórnarfundum KAI.</u>

| | 36 | | | | 40 | | | | | 45 | | | | | 50 | | | | | 55 | fjöldi | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Gauti | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | x | 20 | 100 |
| David | x | o | x | o | o | x | o | o | o | o | x | x | o | o | x | x | x | o | x | x | 10 | 50 |
| Gísli | o | x | x | x | x | o | o | x | x | o | x | x | o | x | o | o | x | x | o | o | 11 | 55 |
| Stefán | o | o | o | x | o | x | x | x | x | x | o | x | o | o | x | x | x | o | x | x | 11 | 55 |
| Gestur | x | x | o | x | o | o | x | x | x | x | x | x | x | o | x | o | x | x | o | o | 12 | 60 |
| Guðl. | x | x | o | o | o | o | o | o | o | x | x | o | x | o | o | o | o | o | o | o | 5 | 25 |
| Þorst. | o | o | o | o | o | o | o | o | x | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | 1 | 5 |
| Bjarni | x | x | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | 2 | 10 |
| Atli | o | o | o | o | x | o | o | o | o | o | o | x | o | o | x | o | o | o | o | o | 3 | |
| Árni | o | o | o | o | x | o | o | o | o | o | o | x | o | o | o | o | o | o | o | o | 2 | |
| Ævar | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | x | o | o | o | x | o | o | o | o | 2 | |
| Einar | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | x | o | o | o | o | o | o | o | 1 | |
| Aðrir | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | o | 4 | o | o | o | o | | |
| Stjórn | 3 | 3 | 3 | 4 | 2 | 3 | 3 | 4 | 4 | 3 | 4 | 5 | 2 | 2 | 4 | 3 | 5 | 3 | 3 | 3 | | |

Meðalmæting á stjórnarfundi er því 3.2 menn af 5 sem eru í stjórn, það er því með herkjum sem hægt er að halda löglega fundi yfirleitt.

Varamenn hafa ekki verið kallaðir sérstaklega á fundi, en er að sjálfsögðu frjálst að mæta. Aðeins einn varamaður hefur mætt eitthvað að ráði og er það Guðlaugur.

Það væri ólíkt skemmtilegra, ef í varastjórn veldust menn sem mættu á stjórnarfundi og fylgdust með starfinu.

Það er nauðsynlegt að landsliðsmenn og þjálfari mæti oftar til viðræðna við stjórnina. Aðeins einn verulega árangursríkur fundur var haldinn með landsliðinu (nr. 47).

Mætti hugsa sér að slíkir fundir yrðu td. á tveggja mánaða fresti til að hreinsa upp landsliðsmálin.

Það er einnig ljóst, að öllum forsvarsmönnum félaga er opinn sá möguleiki að koma á fundi, en gott væri að slíkt yrði með fyrirvara, enginn hefur nýtt sér þetta, þó eru fundir alltaf haldnir á sama tíma reglulega.

Aðeins tveir fundir voru haldnir sem öll stjórnin kom saman og er það alltof lítið.

Þó að hér sé dregin upp nokkuð dökk mynd af mætingu á stjórnarfundum, þá má þó ekki gleyma því að náðst hefur góð afköst á stundum, fyrir mitt leyti vil ég sérstaklega minnast á að varaformaður og gjaldkeri hafa unnið störf sín mjög vel. Mikill hluti af vinnu stjórnar fer fram í verkefnum hjá einstökum stjórnarmönnum milli funda og upplýsingar og samræður eiga sér stað margsinnis milli funda.

Ég hef oft hamrað á því áður að það að vera í stjórn KAI er vinna, ekki valdastaða eða stöðugar ákvarðanir.

Hver er efniviðurinn sem við vinnum úr ?
Að efla karate,og sá efniviður er gígantískur, verkefnin eru óþrjótandi, möguleikarnir eru óendanlegir og starfið er og getur verið skapandi, við erum að byggja upp nýja og göfuga íþrótt í frjósömum jarðvegi.

Ég er sannfærður um það að ef viss fjöldi manna gæfi sig að uppbyggingu karate þá léti árangurinn ekki á sér standa. Hérlendis eru allar aðstæður til að karate geti orðið mjög öflug íþrótt, félög gætu skipt tugum og iðkendur þúsundum. Hermann Guðmundsson fyrrverandi framkvæmdastjóri ÍSÍ sagði eitt sinn að karate breiddist út um landið eins og logi um akur, kyndum undir það bál.

Fundargerðir sendar út.

Á síðasta ársþingi KAI var samþykkt að tilhlutan Ævars Þorsteinssonar að KAI skyldi senda reglulega út fundargerðir sínar til félaganna. Þetta hefur verið gert og mælst vel fyrir hjá öllum sem frést hefur frá og vonandi veldur þetta því að félögin fylgist betur með starfi KAI og ræði það á stjórnarfundum sínum. Fundargerðir KAI eru líka gerðar mun fyrr og betur nú en áður og er það vel.

Karl Gauti Hjaltason.

## Skrifstofa KAI.

Æ meir hafa karatefélögin notað sér skrifstofuna til að halda fundi og til að vinna í. Allir stjórnarmenn hafa lykla af húsnæðinu og er auðvitað öllum heimilt að nota þar okkar aðstöðu karate til framdráttar. Ekki er þó mikið til af tækjum og tólum til þess að vinna við og með, en þó er þarna ritvél og heilmikið að blöðum og skýrslum, einnig öll bréf sem við höfum sent út og fengið og varða öll karateíþróttina. Við vonum að skrifstofan verði æ meira notuð eftir því sem tímar líða.

## Myndbandsupptökutæki KAI.

Í byrjun maí 1987 festi KAI kaup á video upptökuvél af fullkominni gerð (Panasonic M 5) og er hún búin flestum kostum sem eiga að prýða góða vél til þessa nota. Fljótlega hófst útleiga á vélinni og hefur hún verið í notkun um 50 daga síðan í vor. Ætlunin er að félögin noti vélina til að taka upp æfingar og keppnir o.s.frv. til þess að geta fylgst með framförum nemendanna og er það okkar von að vélin verði mikið notuð af karatefélögunum. Settar hafa verið reglur um útleigu á tækinu og ættu menn að kynna sér þær vel.

## Úrklippumöppur.

Hjá KAI eru nú til sölu á vægu verði safn úrklippa frá hausti 1985 til vors 1987 í einni möppu. Það var fyrirtækið Miðlun sem annaðist þetta verkefni fyrir okkur og er þetta mikilvægur heimildabrunnur fyrir karate framtíðarinnar.

## Hótel ÍSÍ.

Hér má benda á glæsilegt hótel/gistiheimili ÍSÍ, sem er á annarri hæðinni í íþróttamiðstöðinni. Þar eru 13 tveggja manna herbergi og fá íþróttamenn gistingu þar gegn mjög lágu verði. Við skulum endilega notfæra okkur þessa þjónustu.

Karl Gauti Hjaltason.

## Tímamótasamningur KAI við Fjölsport sf.

Dagana 18-20 ágúst í sumar stóð KAI í samningaviðræðum við tvö fyrirtæki, sem flytja inn karatevörur m.a. Þessum viðræðum lauk síðan með því að KAI og Karatefélögin gegnu til samninga við Fjölsport sf. um sölu á karatevörum fyrirtækisins, þó aðallega karatebúningum.

Flestir vita gjörla um áhrif samningsins, en ég vil árétta að sala á karatebúningum í félögunum getur fært þeim miklar tekjur, og það tekjur sem félögin hafa ekki haft áður. Þetta getur þýtt um 10-20 % tekjuaukningu hjá hverju einstöku félagi og munar oft um minna. Salan hefur farið frekar hægt af stað og hafa félögin tekið um 100 stk til sölu hingað til. Reikna má með að heildarsalan geti verið á bilinu 500-800 stk á ári.

Ég vill ítreka það hér að félögin verða að sinna þessum þætti, annað er ekkert nema höfnun á fjármagni . Mörg félög hafa góða aðstöðu til sölustarfsemi, þ.e. þau sem eru í séraðstöðu. Fyrir utan allt þetta þá opnar þessi starfsemi okkur karatemönnum margar nýjar leiðir, þ.e. nú getum við í fyrsta skipti fengið þær sér-vörur sem alltaf hefur verið vöntun á, s.s. brjóstahlífar o.fl.

Fyrir utan það að færa félögunum tekjur, þá færir samningurinn KAI auk þess tekjur sem á næsta ári geta verið 50.000.- kr., og einnig fá landsliðsmenn búninga til eignar. Allt er þetta þó háð sölunni, eins og kemur fram í samningnum.

Karatefélögin geta boðið félagsmönnum sínum búninga á sama eða lægra verði en í búð með þessum hætti, því Fjölsport veitir okkur afslátt, sem byggist á magninnkaupum okkar.

KAI verður í framtíðinni að treysta meir og meir á eigin tekjuöflun eins og þessa, það hefur td. komið í ljós að ríkisvaldið virðist ekki hafa það í hyggju að styrkja íþróttir að neinu ráði í framtíðinni, lottótekjurnar hafa verið skattlagðar og verðum við því að efla eigin tekjustofna.

Karl Gauti Hjaltason.

## Aðrir atburðir og fréttir.

### LOTTÓ.

Íþróttahreyfingunni hefur bæst ný og gefandi fjáröflunar-leið þar sem Lottóið er. ÍSÍ fær um 47 % hagnaðarhlut, UMFÍ fær 13 % og ÖBÍ 40 %. Strax var greitt út sá hagnaður sem barst ÍSÍ og hefur það verið gert allt þetta ár. KAI hefur fengið í sinn hlut um 225.000.- kr. Það er lofsvert að ÍSÍ hefur ákveðið að láta þessa peninga renna strax út til Sérsambanda og Héraðssambanda og gildir einu þó menn séu ekki sammála um skiptingu, þeir hefðu verið það hvort sem var, þó fundarhöld hefðu verið um skiptinguna. Skiptingarreglurnar verða endurskoðaðar og hafa mörg sambönd skilað inn tillögum í þá átt, þ.á.m. KAI.

Héraðssamböndin hafa flest ákveðið skiptingarreglur sínar og veita fjármagni niður til félaganna. Skipting fjármagnsins er misjöfn eftir samböndum.

Oft eru þessar reglur flóknar, en leiða þó til mjög svipaðrar niðurstöðu til einstakra félaga.

Reglur eins Héraðssambands hafa þó stungið í augu og er ég þá að tala um ÍBR. Karatefélagið Þórshamar hefur mótmælt reglunum og er undirritaður sammála KFÞ í því máli. Félögin eiga að vera vakandi yfir skiptingu Lottós.

Skipting fjármagnsins á að koma iðkendum íþrótta til góða og skiptir þá mestu hvernig iðkunin er í félögunum, hvort hún er mikil eða lítil, öflugt eða vanmáttugt.

Að skipta eftir sölu á getraunum, eins og ÍBR gerir að 50 hundraðshlutum er móðgun við þá sem hafa reynt að fara aðrar fjáröflunarleiðir til stuðnings íþróttastarfinu í hverju félagi.

### Merking valla í Kópavogi.

Kópavogskaupstaður hefur gengið fram fyrir skjöldu og hafa verið merktir þar þrír fullkomnir keppnisvellir fyiir karatekeppni. Er þetta lofsvert framtak og ættu fleiri bæjarfélög að gera slíkt hið sama, en frumkvæðið á að sjálfsögðu að koma frá viðkomandi karatefélögum.

### 75. ára afmæli ÍSÍ.

Í lok janúar sl. átti ÍSÍ 75 ára afmæli og var margt um dýrðir eins og vera ber. Gefin var út bók um sögu ÍSÍ og er hún mjög vönduð og ættu áhugamenn að festa kaup á henni. Formaður KAI tók þátt í fjölda matarboða, m.a. hjá Forsætisráðherra, Borgarstjóra og Forseta Íslands, frú Vigdísi Finnbogadóttir.

Karl Gauti Hjaltason.

# Heimsókn Paul Höglunds ritara WUKO.

Skyndilega, með engum fyrirvara kom ritari Word Union Karate Organisation, Paul Höglund, til Íslands gagngert til þess að heilsa upp á karatemenn hérlendis.

Vegna þessa hafði KAI ekki ráðrúm til þess að gera heimsóknina heyrinkunna, svo aðeins undirritaður átti fundi með Paul. Aðallega var rætt um karate sem Olympiuíþrótt og heimssambandið og hlutverk þess.

Heilsað var upp á framkvæmdastjóra ÍSÍ, Sigurð Magnússon og íþróttin og staða hennar í heiminum kynnt fyrir honum. Einnig var talað við formann Olympiunefndarinnar, Gísla Halldórsson.

Aðspurður, sagði Paul WUKO ekki eiga neinar tölur yfir iðkun karate almennt, en taldi iðkendur vera um 10 milljónir og að karate væri stundað í um 120 löndum, þar af væru um 105 í WUKO.

Í sambandi við Olympiuleika, sagði Paul að karate yrði örugglega ekki keppnisíþrótt í Barcelona 1992, en enn væri von til þess að karate gæti orðið þar sem sýningaríþrótt, en Tai Kwon Do berðist um að fá það einnig, en þess má geta hér að í Seoul verður sú íþrótt sýningargrein, enda mikið stunduð í Kóreu. Það kæmi þó til greina að báðar þessar íþróttir yrðu sýningargreinar í Barcelona 1992. Staða Tae Kwon Do væri áróðurslega mjög sterk, og ættu karatemenn þar undir högg að sækja.

Paul fékk að heyra að mesta vandamálið í karate hérlendis væri dómaramál, en að kannski hefðum við fundið lausn á því, þar sem Ted Hedlund hefði komið hingað nú nýverið og kannski yrði framhald á því. Paul sagði að mikið væri enn óunnið í skipulagsmálum innan WUKO, stutt væri síðan WUKO hefði verið viðurkennt af IOC sem heimssamband fyrir karate

Honum leist vel á uppbygginguu karate hérlendis og spurði hvað WUKO gæti gert fyrir okkur, einnig sagði hann að vel gæti verið að hann kæmi hingað aftur á næstunni og þá með fyrirvara.

Karl Gauti Hjaltason.

## Tækja og útbreiðslusjóður.

Tækja-og útbreiðslusjóður var stofnaður 21. mars 1987.
Markmiðið með stofnun þessa sjóðs voru fyrst og fremst þau að fjármagna kaup á tækjum fyrir karatesambandið og um leið að stuðla að útbreiðslu karateíþróttarinnar. Umsóknir um úthlutun úr sjóðnum þurfa að berast stjórn karatesambandsins skriflega, þó geta einstakir stjórnarmenn borið upp tillögur á stjórnarfundum.
Í umsókn þar að taka fram eftirfarandi atriði:

1. Nafn þess manns eða félags, sem styrkur skal renna til.
2. Heiti og lýsing þess verkefnis sem unnið skal.
3. Nákvæm kostnaðaráætlun verkefnisins.
4. Áætlaður árangur verkefnisins fyrir útbreiðslu karate.
5. Áætluð verklok.

Ársþing KAI eða stjórn KAI taka síðan umsóknina til umfjölunnar og ákvarða síðan hvort úthlutað verður til verkefnisins úr sjóðnum.
Stjórn KAI ákveður hverju sinni á fundum sínum framlög í sjóðinn, reynt verður síðan að ávaxta sjóðinn eftir bestu getu.
Stjórn KAI getur fyrir hönd sjóðsins krafist endurgreiðslu á styrk eða hluta styrks ef framkvæmd verkefnisins er ábótavant, eða ef skýrslu um verkefnið er ekki skilað inn skv. beiðni stjórnarinnar. Getur sjórnin þá í framhaldi af þessu stöðvað greiðslur til verkefnisins eða jafnvel hætt að styrkja það.

Frá stofnun sjóðsins hafa um 175 þúsund krónum verið veitt inn í hann. Ekki hefur þessi upphæð komið í einum rikk heldur komið smá saman. Nú þegar hefur nokkrum verkefnum verið veittur styrkur og öðrum lofað. Fyrsta styrkinn fékk umsókn um kaup á videoupptökuvél. Farið var á margastaði og athugað með verð og gæði. Að lokum var sú ákvörðun tekin að festa kaup tæki af Panasonic gerð og kostaði hún 120.þúsund krónur. Vélin stendur öllum karatefélögum til útláns gegn vægu verði. Hefur hún verið mikið notuð og reynst mjög vel.
Í júli var síðan veittur syrkur úr sjóðnum til dómara sem fóru á landsmót UMFÍ.

Var sú upphæð 14 þúsund krónur og var notuð til að greiða flugfarið á mótsstað og til baka fyrir dómarana.

Nú hefur einnig verið samþykkt á stjórnarfundi KAI umsókn sem barst frá karatedeild Gerplu þess efnis að styrkja útgáfu karateblaðs sem deildin hyggst gefa út. Upphæðin nemur10 þúsund krónum og kemur til greiðslu þegar blaðið er komið vel á veg í vinnslu.
Má því ljóst vera að með sjóðnum hafa opnast nýjar leiðir bæða félaga og einstaklinga í útbreiðslu á karateíþróttinni.

Gísli Pálsson

Gísli Pálsson.

Sambandsstjórnarfundur ÍSÍ.

Eins og venja er á hverju vori var haldinn sambandsstjórnarfundur þann 2. maí.

Fyrir KAI mætti á fundinn undirritaður.

Skemmtilegasta málið á fundinum var að venju útdeiling á útbreiðslustyrk ÍSÍ til sérsambandanna og fékk KAI nú 525.717.- í sinn hlut.

Ýmis mál voru rædd, þar á meðal fór mikill tími í að ræða hvernig ætti og hvort ætti að skilgreina hugtakið iðkandi innan hreyfingarinnar. Margir töldu að þetta ætti að gera sem allra fyrst og jafnvel á fundinum en það var ekki gert og heldur málið þá áfram að velkjast fyrir mönnum næstu misseri öllum til ánægju.

Undirritaður fór í sitt fyrsta skipti upp í pontu á þessum fundi og var það í tilefni af umræðum um Afreksmannasjóð ÍSÍ. Þar mótmælti ég því að stjórn sjóðsins hefði ekki sinnt umsókn okkar vegna Árna Einarssonar og aðallega benti ég á að íþrótt sem karate væri úti í kuldanum vegna þess að karate væri ekki á Olympíuleikum og þess vegna kæmum við ekki til greina á sjóðnum, sama hvað við ættum góða menn. Benti ég á að þessu til stuðnings væru samningseyðublöð sjóðsins við íþróttamennina sem fengju styrki, en í þessum eyðublöðum væri tekið fram að æfa ætti undir Olympíuleika, þetta þykir mér benda til þess að hinar íþróttirnar ættu ekki heimangengt í sjóðinn og væri það miður, því ýmsir frábærir íþróttamenn væru í öðrum íþróttagreinum. Að lokum spurði ég hvort karatemenn væru annars flokks íþróttamenn. Friðjón gjaldkeri ÍSÍ svaraði þessu m.a. með því að karatemenn væru fullgildir innan hreyfingarinnar eins og aðrir.

Karl Gauti Hjaltason.

## NÁMSKEIÐ Í ÍÞRÓTTASÁLARFRÆÐI

Fræðslunefnd ÍSÍ bauð til námskeiðs í íþróttasálarfræði 8.-10. maí. Miklar og góðar undirtektir urðu og skráðu 5 manns sig á námskeiðið frá KAÍ. Mæting var mjög slæm á námskeiðið frá KAÍ sem og öðnum sérsamböndum.
Þeir sem mættu frá KAÍ voru auk undirritaðs, Jónína Olesen KFR og Gísli Klemensson Þórshamri.
Kennari á námskeiðinu var dr. A. Morgan Olsen prófessor við íþróttaháskólan í Noregi.
Á námskeiðinu var farið í eftirfarandi:

- Íþróttasálfræðileg úrlausnarefni - námskeiðsefnið.
- Sálfræði íþróttaiðkunar.
- Þjálfunarsálfræði.
- Keppnissálfræði.
- Sálfræði íþróttastarfsins.
- Sálfræði einstakra íþróttagreina.
- Áframhaldandi þróun íþróttasálfræði.

Dr. Morgan kenndi á norsku. Efnið var sett fram sem þema 1,2,3 o.s.frv. Sett voru markmið í upphafi hvers þema, síðan komu spurningar og svo námsefnið sjálft sem var í lokin dregið upp í meginatriði og fleirri spurningar.
Ætlunin var að skipa mönnum í hópa en þar sem svo illa var mætt mistókst það.
Námskeiðið tókst vel þrátt fyrir þetta og voru þeir sem mættu mjög ánægð með það. Því lauk með því að þátttakendum var afhent viðurkenningarskjal um þátttökuna. Um síðir barst svo námsefnið á íslensku í pósti
Þess má geta að vegna þess hve undirtektir voru góðar en heimtur slæmar þá verður í framtíðinni rukkað um þátttökugjald fyrirfram. Til viðbótar má bæta að allir voru rukkaðir sem skráðu sig, þótt þeir mættu ekki.

Stefán Alfreðsson

KYNNING Á KEPPNISREGLUM EKU 20. SEPTEMBER 1987.

Vorið 1987 var Stefáni Alfreðssyni falið að þýða keppnisreglur EKU í karate. Því var lokið snemma sumars og sett í ritvinnslu. Ákveðið var að halda kynningarfund strax í júní og voru undirtektir félaganna góðar. það féll þó um sjálft sig vegna slæmrar þáttöku. Ákveðið var að fresta fundinum til haustsins. Fundurinn var síðan haldin 20. september. Þar mættu um 10 manns og lásu í gegnum reglurnar. Ekki urðu miklar umræður en þó var samþykkt að breyta þyrfti nokkrum smaátriðum.

Fundurinn tók nokkuð langan tíma þó aðalega væri reglurnar lesnar yfir en lítið ræddar. það er því augljóst mál að ef halda á dómaranámskeið í framtíðinni þá verður það að standa yfir a.m.k. eina helgi. Þá þarf einnig að flýta samningu reglugerðar um dómara og dómararéttindi á Íslandi. Einnig þarf að senda mann/menn á NM til að íslenski dómarar geti lært af öðrum dómurum og að senda mann sem áheyrandafulltrúa á dómaranámskeið EKU.

Nokkur atriði er fundurinn taldi að breyta mætti:

gr.1.2. sleppa dýnum

gr.2.2. samþykkt var að ekki þyrfti að fara strangt eftir þessu enn svo komið er.

gr.lo. samþykkt var að ekki væri nauðsynlegt að hafa mótslækni heldur nægði að hafa hjúkrunarfræðing þó best væri að hafa lækni.

Úr kata reglum gr.5.2. Á Íslandsmótum væri nóg að keppa í tveim umferðum og einni á minni mótum.

Þá lýstu flestir áhuga á því að fá þýðingu á útskýringum á reglum sem fylgdu með á ensku.

Dómaranámskeið TED HEDLUND.

Þann 16. október kom hingað til lands Ted Hedlund sem er formaður dómaranefndar EKU. Megin markmið með komu hans hingað til lands var að vera yfirdómari á Íslandsmótinu í karate 1987. Hann tók þó mjög vel í það þegar hann var beðinn um að halda dómaranámskeið fyrir Íslandsmótið.

Föstudagskvöldið 16. október mættu átta manns í eitt af fundarherbergjum ÍSÍ, en þar átti dómaranámskeiðið að fara fram. Ted Hedlund byrjaði síðan á léttu tali en síðan tók alvaran við. Námsefnið voru keppnisreglur WUKO. Þessar reglur hafði Stefán Alfreðsson einmitt þýtt mjög vel síðasta sumar og kom notagildi þeirra nú mjög vel í ljós. Menn voru greinilega mjög misvel undirbúnir. Hedlund byrjaði á því að fara í gegnum reglur um keppnissvæði og síðan kom ein reglan af annari. Spurði hann viðstadda ýmissa spurninga og gerði út um ágreiningsmál. Námskeiðið stóð í 5 klukkustundir og var mjög fróðlegt. Kom Hedlund meðal annars inná hvernig dómaramálum er háttað í Svíþjóð. Þar eru þrjú stig allt frá landsdómara niður í héraðsdómara. Væri spurning hvort við Íslendingar ættum ekki að koma okkur upp einhverju sambærilegu kerfi. Síðari hluti námskeiðsins fór síðan fram á sjálfu íslandsmeistaramótinu daginn eftir.
Eftirtaldir mættu á námskeið Ted Hedlunds.;

| | | |
|---|---|---|
| Stefán Alfreðsson | Stjarnan | Bóklegt + Verklegt |
| Karl Gauti Hjaltason | Gerplu | Bóklegt + Verklegt |
| Gísli Pálsson | Breiðablik | Bóklegt |
| Kristín Einarsdóttir | Breiðablik | Bóklegt |
| Helgi Jóhannsson | Breiðablik | Bóklegt |
| Elín Eva Grímsdóttir | Þórshamar | Bóklegt |
| Sigrún Guðmundsdóttir | Þórshamar | Bóklegt |
| Jón Elvar Wallevik | Þórshamar | Bóklegt |

Væri vonandi að fleiri myndu láta sjá sig þegar dómaranámskeið verða haldin í framtíðinni og ekki neinn úr heilu félögunum mæti ekki. Allir vita nú hvernig dómaramálum er háttað innan karateíþróttarinnar.

Gísli Pálsson.

Dómaranámskeið með TED HEDLUND.

Tekið úr glósum K. Gauta.

Röð refsistiga. Fyrst er hægt að gefa aðvörun, síðan keikoku, loks hansoku chui og loks hansoku.
Hægt er að fara inn í þessa röð eftir aðstæðum, td. gefa strax hansuku chui, ef um alvarlegt brot er að ræða, en þá eru dómarar neyddir til þess að gefa næst hansoku, ef brotið er. Þetta þýðir að gefa verður refsistig í röð upp á við, en það er undir mati komið hvar byrjað er og hve hátt er farið í refsistigann, það er aldrei gefið lægra refsistig en áður hefur verið gefið, né það sama. Það fer aldrei saman að gefa td. Aka aðvörun fyrir of mikinn contakt og veita honum síðan waza ari. Annað hvort er gefið stig eða refsistig.

Bönnuð tækni. Opin handtækni er óleyfileg að andliti, en ekki að höfði, síðarnefnda tæknin getur gefið stig. Það má ekki halda í gi andstæðingsins, en það má grípa í gi-inn og kíla um leið, jafnvel að kíla tvisvar og halda í um leið, algengt er td. að kílt er chudan og svo jodan í slíku tilfelli og getur það gefið samtals Ippon.
Það má ekki grípa í andstæðinginn til þess að verjast.

Mobubi. Hægt er að gefa mobobi fyrir hegðun þegar td. keppandi lítur niður. Almennt er gefið mobobi þegar álitið er að keppandi stofni öryggi sínu eða mótherjans í hættu með framferði sínu td. að snúa baki í keppanda eða líta undan höggum o.s.frv. Hægt er að gefa td. Aka stig fyrir skor, en um leið gefið hinum mobobi fyrir að stofna öryggi í hættu, með td. óþarfa pati og um leið keikoku og þá Aka waza ari.

Refsistig. Segjum sem svo að Aka kíli waza ari, en strax á eftir sparki Aka of fast spark. Í þessu tilfelli má ekki gefa Aka waza ari fyrir kílinguna, heldur verður að útkljá refsihæð sparksins, þ.e. hvort gefa á honum keikoku eða e-ð annað fyrir of harðann contakt.
Nota má kakato-geri ef það er framkvæmt með öryggi. Allt sem keppendur gera verður að vera framkvæmt án þess að skerða öryggi keppendanna, en ef td. spark er fallið til að vera án öryggis, er ekki þar með sagt að það valdi því að gerandinn fái refsingu fyrir, td. ef sparkið er langt frá mótherjanum, þá kemur það ekki að sök, það getur verið þáttur í því að fiba mótherjann.
Ef ócontroleruð spörk valda td. handleggsbroti, eins og á NM ´86, þá fær hinn refsistig fyrir, td. er bannað að sparka mawashi geri með beinum legg. En ef td. handleggur brotnar, en ekkert er athugavert við sparkið, þá er ekkert við því að segja.

Ippon. Fyrst eru það skilyrðin fyrir því að Ippon sé gefið. Þau eru.; 1. Gott form, þ.e. líkaminn sé í þannig aðstöðu að hægt sé að gefa maximum kraft í höggið. 2. rétt afstaða, þ.e. á réttann skor-stað. 3. rétt fjarlægð, þ.e. 1-2 cm frá skor-stað, einnig líkamanum, stig er gefið fyrir svokallað skin-touch í andlit og einnig fyrir góða snertingu í líkama. 4. Þróttmikil beiting, þ.e. hraði, kraftur, bæði líkamlegur og sálrænn kraftur. 5. timing, þ.e. á réttu andartaki, td. má mótherjinn ekki vera á hraðri leið afturábak, né má gerandinn vera á leið afturábak frá högginu á því andartaki. Mótherjinn verður að vera stopp eða á leið til þín á skor-andartakinu. 6. Zanshin, þ.e. athyglin sé við það að láta kraftinn fara í mark (power going in to the target) og fylgjast með eftir höggið, ekki td. líta strax undan, td. með ashi barai, fylgja með höggi.

Hlutverk dómara á standard. Dómarar geta mikið stjórnað því hvernig standardinn verður í landinu. Góðir dómarar og þá gott karate. Í Svíþjóð eru margir góðir dómarar og þeir hafa nú marga góða karatemenn. Ef keppendur á móti eru lélegir, þá geta dómarar lækkað kröfurnar niður, en það verður alltaf að reyna að leiða það besta fram í keppendunum, þeir verða að skynja fyrir hvað er gefið stig. Ef td. tveir keppendur eru mjög misjafnir td. gult belti og svart belti, þá kemur til greina að lækka kröfurnar, svo gulbeltingurinn geti skorað með sínum bestu höggum, þá kallar það á framfarir næst.

Skor-staðir. Högg að barka gefur stig, en ekki má kíla í barkann, aðeins að honum. Allir staðir fyrir ofan belti eru skor staðir, nema axlasvæðið, þ.e. svæði sem afmarkast af axlarvöðvunum, eins og maðurinn sé klæddur í vesti.

Tíminn. Þegar bjallan hringir eru möguleikarnir á því að skora búnir, jafnvel þó að dómarinn segi ekki jame.

Svæðið. Ef Aka stígur yfir línuna, þá á Shiro möguleika á að skora, en aldrei Aka. Hér gildir jame. Þegar dómarinn öskrar jame eru möguleikarnir á að skora úr sögunni. Sá sem stígur útaf á því aldrei möguleika á að skora jafnvel þó dómarinn öskri ekki jame.

Svindl. Ef annar reynir að svindla, td. með því að þykjast meiddur, þá er það alltaf refsivert, keikoku eða jafnvel Shikkaku. Keppnin verður að vera sanngjörn (fear play).

Hikiwake. Ef jafnt er eftir leiktíma, þá skera dómarar úr um hvað skal gera. Oftast er framlengt Encho-sen og þá um sama keppnistíma og áður var. Ekkert mælir þó gegn því að dómarar dæmi öðrum sigur ef hann hefur haft yfirburði í viðureigninni.

Encho-sen. Jogai og slíkt fylgir yfir í framlenginu, og það veldur því auðvitað að sá hinn sami stendur illa að vígi í framlengingu, því hann má ekki stíga útaf, því þá fær hann keikoku og hinn waza ari eftir atvikum. Ef annar hefur fengið keikoku, þá fær hann næst a.m.k. hansoku ef hann framkvæmir e-ð refsivert. Þetta fylgir allt yfir í framlengingu.

Refsikerfið.

| | | Snerting. contakt | svæðið. jogai | öryggi. mobubi |
|---|---|---|---|---|
| skráð Aka | 1. | a warning aðvörun | a warning aðvörun | a warning aðvörun |
| skráð Aka Shiro | 2. | K keikoku waza ari | K keikoku waza ari | K keikoku waza ari |
| skráð Aka Shiro | 3. | Hc hans. chui Ippon | Hc Hans. ch. | Hc hans. chui |
| skráð Aka Shiro | 4. | H hansoku sigrar | H hansoku sigrar | H hansoku sigrar |

Þegar ástæða er til að gefa Shikkaku, þá tapar sá hinn sami, en það er stór spurning ef brot er minna, hvað skuli gera, sjá grein 9, 3 tl. Það passar ekki inn í refsikerfið hér að ofan. Hinar þrjár greinar refsikerfisins eru aðskildar.

Hansoku. Keppandi getur unnið tvisvar á hansoku, en ekki þrisvar, hann er úr leik eftir annað skiptið. Þetta er til þess að koma í veg fyrir að menn sigri heilu mótin á of miklum contakt andstæðingana, en ekki á eigin getu. Ef slíkt kemur uppá þá sigrar væntanlegur andstæðingur án viðureignar, einnig ef menn slasast.

Kansa. Vallarritari skal skrá stigagjöfina og fylgjast með keppninni, flauta ef keppendur fara út af svæðinu og tilkynna ef annar hefur skorað sex stig. Dómarar skulu ekki spyrja vallarritara álits, nema það líti út fyrir að hann hafi verið í betri aðstöðu til að sjá skor. Ef aðaldómari stendur beint fyrir framan vallarritara og upp kemur að meðdómari gefi td. Aka stig en aðaldómari Shiro, þá á aðaldómari ekki að spyrja vallarritara álits, því hann sjálfur getur ekki hafa séð meira en aðaldómarinn. Til hvers væri þá aðaldómari ?

Liðakeppni. Í liðakeppni eru 7 keppendur. Þegar raðað er upp á línu í slíkri keppni, þá eru það aðeins keppendur, ekki varamenn né þjálfari (þetta er þó enn óútkljáð hjá wuko og getur breyst, sumir vilja láta þjálfara raða sér upp með liði sínu). Alls ekki er hægt að breyta röð keppenda í liðakeppni eftir að skilað hefur verið inn röðinni. Ef slíkt gerist samt sem áður, þá verður að endurtaka allt upp á nýtt.

---

Dómarakerfið í Svíþjóð.

A - dómarar. Þurfa að hafa verið B dómarar í 2 ár. Hafa aflað sér 20 punkta á tímabilinu. Viðhalda kunnáttu sinni með því að hafa sótt námskeið sl. 3 ár a.m.k. Ef slíkt er ekki gert falla allir áunnir punktar niður (á við um A, B og C-dómara). Hafa 2. Dan, Aldur, stundað Karate í vissan tíma. Aktiv ástundun karate.

B - dómarar. Sama og A, nema lægri kröfur um gráðu aldur og ástundun karate í vissan tíma. 1. Dan.

C - dómarar. Sama og A, nema enn lægri kröfur. sami punktafjöldi. Námskeið á hverju ári.

A - dómarar mega vera aðaldómarar á landskeppnum.
B - dómarar geta verið meðdómarar á landskeppnum (Íslandsmót).
C - dómarar geta ekki dæmt á slíkum mótum, en geta verið aðstoðardómarar á héraðsmótum og aðaldómarar á félagamótum.

Punktar. Landskeppnir gefa 3 punkta, Héraðsmót gefa 2 og félagakeppnir gefa 1 punkt.
Aðeins er talað um opinber mót, þ.e. mót sem samþykkt eru af sambandinu. Óopinber mót eru td. innanfélagsmót og gefa þau enga punkta.
Menntun dómara innan landa er alfarið í höndum viðkomandi sambands. Wuko og Eku kerfin eru allt annar handleggur.
Kata-dómarar er aftur erfiðara mál, það gera stílarnir, en þeir eru margir í Svíþjóð. Mikilvægt er að hafa sérstakar kata samæfingar með mönnum úr öllum stílum og reyna að þjálfa menn í að dæma kata úr öðrum stílum. Þetta er nú verið að gera í Svíþjóð.

## Unglingameistaramót KAI 1987.

Var haldið 7. febrúar í íþróttahúsi Seljaskóla.

### Úrslit.

#### Kata Barna yngri en 10 ára.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Unnar Snær Bjarnason | KFR | 26.5 |
| 2. | Sigurður A. Jónsson | KFR | 25.7 |
| 3. | Gunnar Guðmundsson | Stjarnan | 25.1 |
| 4. | Steindór Emil Sigurðsson | Gerpla | 25.0 |
| 5. | Lárus Jónsson | Baldri | 24.9 |
| 6. | Eva Pálsdóttir | KFR | 15.6 |
| 7. | Friðrik U. Arinbjörnsson | Gerpla | 15.2 |
| 8. | Friðrik Bjarnason | Stjarnan | 14.9 |
| 9. | Lárus Snorrason | KFR | 14.9 |
| 10. | Hermann Jónsson | Stjarnan | 14.7 |
| 11. | Baldur Geir Bragason | Gerpla | 14.6 |
| 12. | Leifur A. Haraldsson | Breiðablik | 14.6 |
| 13. | Árni Pétur Maack | Gerpla | 14.5 |
| 14. | Freyr Ævarsson | Þórshamri | 14.5 |
| 15. | Eiríkur Steinsson | Stjarnan | 14.4 |
| 16. | Kristinn Haraldsson | Stjarnan | 14.4 |
| 17. | Ívar Helgason | Stjarnan | 14.3 |
| 18. | Grétar Örn Sigurðsson | Gerpla | 13.6 |

#### Kata unglinga 11 og 12 ára.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Arnar Orri Bjarnason | KFR | 26.0 |
| 2. | Gísli Helgason | Stjarnan | 25.8 |
| 3. | Kolbeinn Steindórsson | Breiðablik | 25.7 |
| 4. | Jóhann Rafnsson | Þórshamri | 25.5 |
| 5. | Guðjón Guðmundsson | Þórshamri | 25.3 |
| 6. | Harpa Svansdóttir | KFR | 15.4 |
| 7. | Arnar Stefánsson | KFR | 15.3 |
| 8. | Eyjólfur Kristinsson | Gerplu | 15.3 |
| 9. | Gylfi St. Gylfason | KFR | 15.3 |
| 10. | Arnþór Guðmundsson | Breiðablik | 15.3 |
| 11. | Bjarki Friðriksson | Breiðablik | 15.1 |
| 12. | Árni Klassen | Þórshamri | 15.1 |
| 13. | Arnar Sigurðsson | KFR | 15.0 |
| 14. | Ragnar Smárason | Þórshamri | 15.0 |
| 15. | Hróbjartur Róbertsson | Breiðablik | 15.0 |
| 16. | Kolbeinn Stefánsson | Þórshamri | 14.9 |
| 17. | Hannes Pétursson | Þórshamri | 14.9 |
| 18. | Jón Þór Jónsson | Breiðablik | 14.6 |
| 19. | Kjartan Óttarsson | Gerplu | 14.3 |
| 20. | Guðmundur Axelsson | KFR | 14.1 |
| 21. | Arnar Orri Bjarnason | KFR | 14.1 |
| 22. | Ágúst Mogensen | Þórshamri | 13.6 |
| 23. | Guðmar Aubertsson | Breiðablik | 13.4 |
| 24. | Fríða Jónsdóttir | KFR | 12.6 |

framhald.

b

Unglingameistaramót, frh.

Kata táninga yngri, 13 og 14 ára.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Ólafur Einarsson | Þórshamri | 25.1 |
| 2. | Magnús Guðlaugsson | Þórshamri | 25.0 |
| 3. | Birgir Jónsson | Gerplu | 24.9 |
| 4. | Ragnar Eysteinsson | Þórshamri | 24.8 |
| 5. | Ragnar De Santos | Gerplu | 24.6 |
| 6. | Kristján Guðnason | Gerplu | 15.0 |
| 7. | Sveinn Speight | Álftanesi | 15.0 |
| 8. | Þórður Halldórsson | KFR | 15.0 |
| 9. | Ævar Sigurðsson | Baldri | 14.9 |
| 10. | Sigurður Sigurðsson | Gerplu | 14.8 |
| 11. | Pétur Aðalsteinsson | Breiðablik | 14.8 |
| 12. | Hróar Reynisson | Breiðablik | 14.7 |
| 13. | Ásbjörn Sigurðsson | Álftanes | 14.7 |
| 14. | Margrét Einardóttir | Þórshamri | 14.5 |
| 15. | Atli Hafsteinsson | Álftanes | 14.5 |

Kata táninga eldri, 15 og 16 ára.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Magnús Eyjólfsson | Gerplu | 25.8 |
| 2. | Matthías Friðriksson | Breiðablik | 25.8 |
| 3. | Hjalti Þorvaldsson | Baldur | 25.5 |
| 4. | Bjarni Sigurðsson | KFR | 25.5 |
| 5. | Halldór N. Stefánsson | Þórshamri | 25,4 |
| 6. | Sigmundur Rafnsson | Baldri | 16.5 |
| 7. | Snæbjörn Rafnsson | Baldri | 16.4 |
| 8. | Kristján Sveinsson | KFR | 16.2 |
| 9. | Atli Gunnarsson | Baldri | 16.2 |
| 10. | Kolbrún Róbertsdóttir | Breiðablik | 16.2 |
| 11. | Númi Björnsson | Stjarnan | 16.1 |
| 12. | Theódór Jónasson | Baldri | 16.1 |
| 13. | Gabríel Espimoro | Stjarnan | 15.8 |
| 14. | Eyþór Benediktsson | KFR | 15.8 |
| 15. | Gunnar Pétursson | Þórshamri | 15.6 |
| 16. | Jóhannes Reynisson | KFR | 15.5 |
| 17. | Loftur Magnússon | Gerplu | 15.4 |
| 18. | Arnar Bragason | Gerplu | 15.3 |
| 19. | Ragnheiður Þorvarðardótt. | Breiðablik | féll úr. |

Kumite 12 ára og yngri.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Hróbjartur Róbertsson | Breiðablik |
| 2. | Guðjón Guðmundsson | Þórshamri |
| 3. | Bjarki Friðriksson | Breiðablik |
| 4. | Kristján Sveinbjörnsson | Breiðablik |

framhald.

C

<u>Unglingameistaramót, frh.</u>

5- 8. sæti.

| | |
|---|---|
| Arnar Stefánsson | KFR |
| Ragnar Smárason | Þórshamri |
| Kolbeinn Steinþórsson | Breiðablik |
| Kolbeinn Stefánsson | Þórshamri |

9 - 16. sæti.

| | |
|---|---|
| Jón Þór Jónsson | Breiðablik |
| Hannes Pétursson | Þórshamri |
| Hilmar Jónsson | Breiðablik |
| Jóhann Rafnsson | Þórshamri |
| Arnar Bjarnason | KFR |
| Guðmundur Axelsson | KFR |
| Viðar Kárason | Breiðablik |
| Friðrik Bjarnason | Stjörnunni |

17 - 32 sæti.

| | |
|---|---|
| Steindór Sigurðsson | Gerplu |
| Hermann Jónsson | Stjörnunni |
| Einar Speight | Álftanesi |
| Leifur Haraldsson | Breiðablik |
| Gylfi Gylfason | KFR |
| Kristinn Hilmarson | Stjörnunni |
| Arnar Sigurðsson | KFR |
| Sigurður Jónsson | KFR |
| Ágúst Mogenssen | Þórshamri |
| Guðmar Aubertsson | Breiðablik |
| Eiríkur Steinsson | Stjörnunni |
| Arnþór Guðmundsson | KFR |
| Eyjólfur Kristinsson | Gerplu |
| Lárus Jónsson | Baldri |
| Atli Ingason | Breiðablik |
| Gísli Helgason | Stjörnunni |

33-35 sæti.

| | |
|---|---|
| Ívar Helgason | Stjörnunni |
| Gunnar Jónsson | Baldri |
| Gunnar Guðmundsson | Stjörnunni |

<u>Einstakar glímur efstu manna.</u>

| | | | |
|---|---|---|---|
| Hróbjartur | - | Guðjón | 5 - 2 |
| Hróbjartur | - | Kristján | 6 - 0 |
| Hróbjartur | - | Arnar | 6 - 0 |
| Hróbjartur | - | Hannes | 5 - 1 |
| Hróbjartur | - | Einar | 3 - 1 |
| Guðjón | - | Bjarki | 6 - 0 |
| Guðjón | - | Ragnar | 2 - 0 |
| Guðjón | - | Arnar | 2 - 0 |
| Guðjón | - | Guðmar | 3 - 2 |
| Bjarki | - | Kristján | 3 - 0 |
| Bjarki | - | Kolbeinn | 3 - 0 |
| Bjarki | - | Friðrik | 1 - 0 |
| Bjarki | - | Gísli | 4 - 1 |

framhald.

Unglingameistaramót, frh.

Kumite kvenna.

1. Kolbrún Róbertsdóttir — Breiðablik
2. Ragnheiður Þorvarðardóttir — Breiðablik
3. Harpa Svansdóttir — KFR

Einstakar glímur.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Kolbrún | - | Ragnheiður | 5 - 0 |
| Ragnheiður | - | Harpa | 3 - 0 |

Hópkata.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1. | Unnar Snær Bjarnason<br>Arnar Orri Bjarnason<br>Gylfi St. Gylfason KFR | 5.4 | 5.5 | 5.7 | 5.4 | 5.5 | 16.4 | stig |
| 2. | Hjalti Þorvarðarsson<br>Sigmundur Rafnsson<br>Theódór Jónasson Baldri | 5.3 | 5.4 | 5.5 | 5.4 | 5.4 | 16.3 | stig |
| 3. | Jóhann Rafnsson<br>Magnús Guðlaugsson<br>Halldór Stefánsson Þórshamri | 5.2 | 5.2 | 5.5 | 5.5 | 5.5 | 16.2 | stig |
| 4. | Magnús Eyjólfsson<br>Birgir Jónsson<br>Eyjólfur Kristinsson Gerplu | 5.2 | 5.3 | 5.4 | 5.2 | 5.4 | 15.9 | stig |
| 5. | Snæbjörn Rafnsson<br>Atli Gunnarsson<br>Lárus Jónsson Baldri | 5.2 | 5.3 | 5.3 | 5.1 | 5.3 | 15.8 | stig |
| 6. | Númi Björnsson<br>Gabriel Espimoro<br>Gísli Helgason Stjörnunni | 5.1 | 5.2 | 5.2 | 5.2 | 5.4 | 15.6 | stig |
| 7. | Hannes Pétursson<br>Ólafur Einarsson<br>Ragnar Eysteinsson Þórshamri | 5.0 | 5.0 | 5.2 | 5.1 | 5.1 | 15.3 | stig |
| 8. | Steindór Sigurðsson<br>Friðrik Arinbjörnsson<br>Árni Maack Gerplu | 4.9 | 4.7 | 5.1 | 4.8 | 5.1 | 14.8 | stig |
| 9. | Hermann Jónsson<br>Eiríkur Steinsson<br>Friðrik Bjarnason Stjörnunni | 4.9 | 4.8 | 5.1 | 4.8 | 5.1 | 14.8 | stig |

Keppendur voru um og yfir 110 talsins og er þetta því langviðamesta karatemót sem farið hefur fram hérlendis.

Næsta ár á að vera hægt að gera mun betur, því ekki mættu öll félög með alla sína unglinga. Slíkt er framkvæmanlegt með fjölgun dómara og hafa þrjá velli í gangi í einu.

Karate er unglingaíþrótt og því eigum við að reyna að gera sem mest fyrir þá, unglingameistaramótið er stórt skref fram á við í uppbyggingu unglingastarfsins.

frh.

e

Unglingameistaramót, frh.

Kumite 13 og 14 ára.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Alfreð Gunnarsson | KFR |
| 2. | Ragnar De Santos | Gerplu |
| 3. | Halldór Jóhannesson | KFR |
| 4. | Hrannar Ingason | KFR |
| 5 - 8. sæti. | | |
| | Birgir Jónsson | Gerplu |
| | Ævar Sigurðarsson | Baldri |
| | Sigurður Sigurðsson | Gerplu |
| | Magnús Guðlaugsson | Þórshamri |
| 9 - 16. sæti. | | |
| | Pétur Aðalsteinsson | Breiðablik |
| | Björgvin Guðmundsson | Breiðablik |
| | Ragnar Eysteinsson | Þórshamri |
